

SÖGUR

Verðlaunahátíð barnanna

Hátíð fyrir börn um allt land

Ævintýralegt ferðalag

Frá október fram í apríl birtast skemmtileg og fræðandi myndbönd á vefsvæði Söguverðlaunanna hjá KrakkaRÚV. Fjölbreyttar fyrirmyndir í íslensku samfélagi segja okkur frá sögum sem hafa haft áhrif á þau. Við hittum krakka, rithöfunda, íþróttamenn og jafnvel forseta sem öll hafa sögu að segja. Krakkar fá einnig kennslu í skapandi skrifum!

#krakkargeta

Í vetur verða margs konar Sögusamkeppnir hjá KrakkaRÚV t.d. í lestri, stuttmyndagerð og smásagna-gerð. KrakkaRÚV framleiðir tíu örmyndir eftir börn og Útvarpsleikhúsið framleiðir tíu stutt útvarpsleikverk. Menntamálstofnun gefur út rafbók með smásögum eftir börn.

Bókmenntir

Fagverðlaun
Frumsamín bók
Pýdd bók
Myndskreyting

Krakkar kjósa
Bókaverðlaun barnanna

Verðlaun til barna
Lesandi ársins
Upplesari ársins
Smásaga ársins
Rithöfundur framtíðarinnar

Leikið/sjónvarp

Krakkar kjósa
Kvikmynd ársins
Sjónvarpsþáttur ársins
Sjónvarpsstjarna ársins
Leiksýning ársins
Leikari/Leikkona ársins
Netstjarna ársins

Verðlaun til barna
Stuttmynd ársins
Handrit ársins
Leikstjóri ársins
Leikari/leikkona ársins

Tónlist

Krakkar kjósa
Lag ársins
Söngfugl ársins
Lagatexti ársins
Plata ársins

Markmið

- Að auka lestur barna.
- Að auka menningarlæsi barna.
- Að hvetja börn til sköpunar.
- Að styðja við íslenska barnamenningu.
- Að hvetja til þess að fleiri sögur verði sagðar.

Verðlaunahátíð – í beinni á RÚV

Við verðlaunum sögur ætlaðar börnum og þau sem segja þær.

Í lok apríl verða Söguverðlaunin veitt við hátíðlega athöfn. Hátíðin verður í beinni útsendingu á RÚV og verður skemmtilegasta verðlaunahátíð á Íslandi. Verkefnið er unnið í víótæku samstarfi aðila sem starfa að barnabókmenntum, læsi barna og barnamenningu.

Sögum fyrir börn er miðlað á fjölbreyttan hátt; í gegnum bækur, leikverk, tónverk, kvikmyndir og sjónvarpsþætti og verða veitt verðlaun í mismunandi flokkum. Krakkar kjósa flesta verðlaunahafana sjálf, fagverðlaun veitt og krakkarnir verðlaunaðir.